


## GILDANDI DEILISKIPULAG ARNARNESS MEÐ SÍÐARI BREYTINGUM

Samþykkt / staðfest í 15.11.2018
Dagsetning B. deildar augl. 23.11.2018




## TILLAGA AÐ BREYTINGU Á DEILISKIPULAGI




HLUTI AF AÐALSKIPULAGI GARÐABÆJAR 2016-2030
Staðsetning breytinga

Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 43. gr. skipulags-laga nr.123/2010 m.s.br.

frá ____________ til ____________

var samþykkt í Bæjarstjórn Garðabæjar

______________2022.

______________________________

Samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann
____________2022

______________________________

Skjal sótt af '000000000' dags: 19.08 2026

### Aðdragandi og forsendur

Haustið 2020 undirrituðu Ríkið og sex sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu,samning um stofnun opinbers hlutafélags (*Betri samgöngur*) um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu.

Í framhaldinu hafa bæjaryfirvöld í Garðabæ - í samstarfi við Vegagerðina - áformað byggingu **samgöngustígs** (hjóla- og göngustígs) yfir Arnarneshæð, milli Hafnarfjarðarvegar og lóða við Hegranes og Súlunes á Arnarnesi.

### Forsendur gildandi deiliskipulags

Deiliskipulag Arnarness var samþykkt í nóvember 2018. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir **stofnstíg** og hljóðvörnum milli lóða við Hegranes / Súlunes og Hafnarfjarðarvegar. Auk hljóðvarna vegarmegin við stíginn, er gert ráð fyrir girðingum til að skerða innsýn og tryggja næði í aðliggjandi görðum. Leitast er við að stígurinn njóti skjóls og góðrar hljóðvistar eftir því sem aðstæður leyfa. Þá eru jafnframt sýnd undirgöng undir Arnarnesveg.

### Markmið deiliskipulagsbreytingar

Í sáttmála *Betri samgöngur* kveður á um að **stofnstígur** meðfram Hafnarfjarðarvegi innan deiliskipulags-svæðis Arnarness skuli skilgreindur sem **samgöngustígur** sem geti verið allt að 2x3 metrar á breidd með aðskildri umferð fyrir gangandi og hjólandi. Er þetta jafnframt samræmi við gildandi Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030 , en þar segir m.a. :

............. *Hlutar* ***stofnstíga*** *eru skilgreindir sem* ***samgöngustígar****. Þeir hafa það hlutverk að fólk komist á milli nauðsynlegra áfangastaða á sem stystum tíma á öllum árstímum.* ***Samgöngustígar*** *eru vestan Hafnarfjarðarvegar og vestan Reykjanesbrautar og milli þeirra eru þverstígar. Stígarnir þjóna umferð milli sveitarfélaga í gegnum Garðabæ. Gerð þeirra og útfærsla ákvarðast nánar í deiliskipulagi.* ***(4.2.2 Stofnstígar).***

Skipulagsnefnd Garðabæjar leggur því til að gerð verði breyting á deiliskipulagi Arnarness í þá veru að **stofnstígur** meðfram Hafnarfjarðarvegi - innan deiliskipulagssvæðis - verði skilgreindur sem **samgöngustígur.**

### Breyting á deiliskipulagi

1. Stofnstígur meðfram Hafnarfjarðarvegi skal skilgreindur sem **samgöngustígur** með aðgreindri umferð hjólreiða annarsvegar og gangandi hinsvegar. Stígurinn skal upplýstur og vera allt að 2 x 3m á breidd.
2. Stofnstígurinn liggur í **undirgögnum** undir Arnarneshæðinni og tengist Arnarnesveginum með skábraut beggja vegna, en einnig með tröppum norðan megin. Undirgöngum skal komið fyrir þannig að vel sjáist í gegnum þau. Lengd þeirra skal vera undir 40m og viðmiðunarhæð upp á vegyfirborð undir 4m. Innanmál þeirra skal vera mest 7m að breidd og minnsta fría lofthæð 3m.

<u>Að öðru leyti standa útgefnir skilmálar gildandi deilisskipulags Arnarness</u>

## FYRIR DEILISKIPULAGSBREYTINGU




DÆMIGERT SNIÐ Í GEGNUM NÚVERANDI STOFNSTÍG
Gangandi og hjólandi umferð ferðast á saman stígnum

## EFTIR DEILISKIPULAGSBREYTINGU




DÆMIGERT SNIÐ Í GEGNUM SAMGÖNGUSTÍG
Gangandi og hjólandi umferð ferðast á aðskildum stígnum

Garðabær

# DEILISKIPULAG ARNARNESS

# SAMGÖNGUSTÍGUR
## DEILISKIPULAGSBREYTING

Dags: 31.01.2022 Mkv: 1:2000 (A1)

SKÝRINGAR:

| | |
|---|---|
| Deiliskipulagsmörk | Núverandi byggingar |
| Mörk deiliskipulagsbreytinga | Íbúðarsvæði |
| Lóðamörk | Opin svæði |
| Byggingarreitur | Stofnstígar |
| Aðrir helstu göngustígar | Gangbraut / þverun gönguleiða |
| Samgögnustígur | Hljóðvörn (Sjá viðauka 1 í gildandi skipulags- og byggingarskilmálum) |
| Kvöð um plöntun og viðhald skjólbelta (sjá nánar skýringarmynd um kvaðir og skilmálatöflu) | Byggingarreitur fyrir aðkomutákn / listaverk |
| Áningastaðir | |

hornsteinar
arkitektar ehf
vinnustofa ingólfsstræti 5, 101 reykjavík
sími: 511 7011
netfang: hornsteinar@hornsteinar.is